



Reykjavík, 4. júní 2024

MSS24040172

UMSÖGN

Viðtakandi: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Umsögn skóla- og frístundasviðs um drög að reglum um Borgaraping

Vísað er til bréfs mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 21. maí 2024, þar sem drögum að reglum um Borgaraping Reykjavíkur er vísað í samráðsferli sbr. ákvörðun forsætisnefndar frá 3. maí 2024.

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki eftirfarandi umsögn um reglur um Borgaraping Reykjavíkur:

Skóla- og frístundasvið fagnar þeim reglum sem nú liggja fyrir um Borgaraping Reykjavíkur. Borgaraping eru mikilvægur þáttur í því að uppfylla Lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar 2021-2030. Jákvætt er að tilgreint er í reglunum að áhersla á borgarapingum sé að fá fram umræðu og kalla eftir viðhorfum íbúa og að tryggja skuli jafnt aðgengi fyrir alla þátttakendur að borgarapingum. Mikilvægt er að fá reynslu af reglunum og framkvæmd borgarapinga og endurskoða reglurnar ef ástæða er til.



Reykjavík